

Peningastefnan og stjórnþæki hennar

Markmið og framkvæmd peningastefnunnar

Markmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Hinn 27. mars 2001 var tekið upp formlegt verðbólgu­markmið sem hér segir:

- Seðlabankinn stefnir að því að árleg verðbólga, reiknuð sem árleg hækkun vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.
- Víki verðbólga meira en ±1½% frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðbólgu­markmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðina skal birta opinberlega.
- Seðlabankinn gerir verðbólgu­spár þar sem spáð er a.m.k. tvö ár fram í tímann. Spárnar eru birtar í riti bankans Peningamálum. Þar kemur einnig fram mat bankans á helstu óvissuþáttum tengdum spánni. Jafnframt gerir bankinn grein fyrir mati sínu á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Með peningastefnunni er miðað að því að halda verðlagi stöðugu og því verður henni ekki beitt til þess að ná öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd eða mikilli atvinnu, nema að því marki sem slíkt samrýmist verðbólgu­markmiði bankans.

Bankinn tilkynnir vaxtaá­kvarðanir á fyrirfram ákveðnum dögum. Í aðdraganda vaxtaá­kvörðunar efnir bankastjórn til peningastefnu­funda. Tilhögun þeirra er nánar lýst í starfsreglum, um undirbúning, rökstuðning og kynningu á­kvarðana í peningamálum sem settar eru í samræmi við ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Þær eru birtar á vef bankans www.sedlabanki.is.

Helstu stjórnþæki peningastefnunnar

Seðlabankinn framfylgir peningastefnunni einkum með því að stýra vöxtum á peningamarkaði, fyrst og fremst með ákvörðun ávöxtunar í endurhverfum viðskiptum sínum við lánastofnanir. Ávöxtun á peningamarkaði hefur sterk áhrif á gjaldeyrisstrauma og þar með á gengi krónunnar og til lengdar innlenda eftirspurn. Viðskiptum við lánastofnanir má í grófum dráttum skipta í föst viðskiptaform annars vegar og markaðsaðgerðir hins vegar.

Yfirlit vaxta Seðlabankans 20. október 2006

| Viðskiptaform | Vextir nú (%) | Síðast breytt | Breyting (prósentur) | Vextir fyrir ári (%) |
|-----------------------------------|---------------|----------------|----------------------|----------------------|
| Viðskiptareikningar | 12,50 | 21. sept. 2006 | 0,50 | 8,00 |
| Daglán | 15,00 | 21. sept. 2006 | 0,50 | 11,00 |
| Innstæðubréf til 90 daga | - | 11. júlí 2006 | - | 9,75 |
| Bindiskylda | 12,75 | 21. sept. 2006 | 0,50 | 8,75 |
| Endurhverf viðskipti (ávöxtun) | 14,00 | 19. sept. 2006 | 0,50 | 9,50 |
| Innstæðubréf til 7 daga (ávöxtun) | 13,85 | 19. sept. 2006 | 0,50 | 9,35 |

Föst viðskiptaform:

- Viðskiptareikningar geyma óráðstafað fé lánastofnana. Þeir eru uppgjörsreikningar vegna greiðslujöfnunar milli innlánsstofnana og millibankaviðskipta, þar á meðal viðskipta við Seðlabankann. Vextir þessara reikninga mynda gólf fyrir daglánavexti á millibankamarkaði.
- Daglán eru veitt að ósk lánastofnana og tryggð með sömu verðbréfum og hæf eru í endurhverfum viðskiptum. Vextir daglána mynda þak yfir daglánavexti á millibankamarkaði.
- Innstæðubréf eru veitt til 90 daga, að ósk lánastofnana. Þau eru ekki skráð en þó hæf í endurhverfum viðskiptum. Hlutverk þeirra er að setja gólf undir ávöxtun þriggja mánaða vaxta á peningamarkaði.
- Bindiskylda er lögð á lánastofnanir sem ekki eru háðar fjárlögum í rekstri sínum. Hún miðast við bindigrunn sem er innstæður, útgefin skuldabréf og peningamarkaðsbréf. Bindihlutfall er 2% fyrir þann hluta bindigrunns sem bundinn er til tveggja ára eða skemur. Binditímabil miðast við 21. dag hvers mánaðar til 20. dags næsta mánaðar og skal innstæða á bindireikningi ná tilskildu hlutfalli að meðaltali á binditímabilinu.

Markaðsaðgerðir:

- Endurhverf viðskipti eru helsta stjórnþæki Seðlabankans. Vikulega eru haldin uppboð á 7 daga samningum. Lánastofnanir þurfa að leggja fram hæf verðbréf, en þeim er nánar lýst í reglum Seðlabankans nr. 997 frá 10. desember 2004. Uppboðin geta verið ýmist fastverðsuppboð eða uppboð þar sem heildarfjárhæð framboðinna samninga er tilkynnt. Fastverðsuppboð hafa verið reglan til þessa.
- Innstæðubréf til 7 daga eru boðin upp vikulega. Hlutverk þeirra er að mynda mótvægi við tímabundna lausafjárgnótt. Uppboðsaðferð er fastverðsuppboð.
- Viðskipti á verðbréfamarkaði takmarkast við ríkistryggð verðbréf.
- Inngrípum á gjaldeyrismarkaði er einungis beitt, samkvæmt yfirlýsingunni um verðbólgu markmið frá 2001, telji Seðlabankinn það nauðsynlegt til þess að stuðla að verðbólgu markmiði sínu eða ef hann telur að gengissveiflur geti ógnað stöðugleika fjármálakerfisins.